

[Type here]

Ný húmaniskur Leikskóli Sælukot



1. Stutt greinargerð leikskólustjóra um starfið á síðasta leikskólaári

Fyrir hönd rekstraraðila Leikskólans Sælukots, vil ég færa starfsfólki skólans, foreldraráði hans, foreldrafélagi og stjórn bestu þakkir fyrir frábært starf þeirra og samvinnu sem gaf okkur dásamlegt ár í skólanum. Ég vil líka þakka öllum foreldrum og börnunum þeirra fyrir farsælt samstarf.

Við trúum því að sérhver manneskja búi yfir miklum hæfileikum og með þeim geti hún náð undraverðum árangri í lífi sínu. Árið 2018-2019 var gott ár í skólanum okkar og það er með stolti að ég get kynnt fyrir ykkur nokkuð af þeim árangri og þeirri framþróun sem börnum og starfsfólki skólans ávannst á skólaárinu.

Við höfum sett skólanum okkar að vera ný-húmanískur með ágætum sem þó þýðir að það skipulag sem við beitum til að styðja við árangur barnanna okkar er í stöðugri endurskoðun. Við höfum þann ásetning að eiga einarðar samræður um hvers börnin okkar þarfnast mest og hvernig best verði stutt við alhliða þroska þeirra og menntun og hvernig best verði stutt við kennarana okkar í starfi þeirra og hvernig við best sköpum okkur aðstæður fyrir áframhaldandi og viðvarandi framfarir.

Skólinn getur um þessar mundir tekið við 72 börnum. Fyrir skömmu fengum við leyfi hjá borginni til að hafa börn frá 12 mánaða aldri þannig að núna verða börnin í skólanum á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Við væntum þess að geta byrjað að taka við yngstu börnunum um miðjan septembermánuð næstkomandi.

Hugsjón okkar ræður hvert við beinum atorku okkar í skólasterfinu og hvernig við forgangsroðum þeim fjármunum sem við höfum til ráðstöfunar. Hugsjón okkar er að leikskólinn okkar verði meðal þeirra bestu í landinu með alhliða ný-húmanískri menntun barnanna sem geri þau að hvetjandi og gæskuríkum leiðtogum framtíðarinnar.

Með bestu óskum mínum.

BNK

Dídí

1. Stutt greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn Sælukot er sérstakur, þar er unnið eftir hugmyndum um ný-húmaníska menntun. Ný-húmanismi er ekki aðeins fagrar háleitar hugmyndir um einingu. Hann er djúpur skilningur á innsta kjarna andlegs veruleika og umvefjandi kærleikur frá hjarta mannsins til allrar sköpunarinnar. Sú hugsjón sem ræktuð er í skólanum með andlegri iðkun, hugleiðslu, jóga, þjónustu og virðingu fyrir náttúrunni gefur skólanum sérstöðu.

Reynt er að kenna nemendum um raunveruleg verðmæti lífsins og lögð er áhersla á að þroska innsæi og andlega eiginleika þeirra. Ekki nægir að hafa mikla þekkingu og sterkan huga ef góðvild, umhyggja, ást og friður fylgja ekki í kjölfarið. Með siðareglum jóga og þeim andlegu gildum sem æðst eru, leggur Sælukot grunn að andlegu lífi sem birtist hjá börnunum seinna á ævinni þegar þau láta hið góða birtast í verkum sínum. Þau sem læra að vera í sambandi við sinn innsta kjarna gera ekki öðrum mein.

Í Sælukoti er morgunhringurinn fastur liður í dagskipulaginu. Á föstudögum er morgunhringurinn sameiginlegur fyrir allar deildir en hina dagana er hann á hverri deild fyrir sig. Hugleiðsla er fastur hluti af morgunhringnum. Þá setjast börn og fullorðnir saman í hring á gólfíð og syngja möntruna Baba Nam Kevalam, sem þýðir ást er allt í kringum mig.

Síðan sitja allir með krosslagða fætur og hendur í kjöltu og loka augunum í smástund. Oftast skapast alger kyrrð og samhljómur í hugleiðslunni þótt stutt sé. Eftir hugleiðslu er sungið, spjallað, lesið og lært. Að því loknu er farið í hóptíma. Allar deildir fara í jóga, tónlist og myndlist. Elsti hópurinn fer í Litla skóla meðan yngri börnin fara í dans.

Guðríður Pétursdóttir

Stutt greinargerð hópstjóra elstu deildar um starfið á síðasta leikskólaári

Greinargerð hópstjóra Sólarhóps.

Á elstu deild voru 7 börn fram að áramótum, en þá bættist ein stúlka í hópinn sem þá taldi 2 drengi og 6 stúlkur. Börnin eru fædd á árunum 2013, 2014 og 2015. Þjóðerni er fjölbreytt, helmingur hópsins hefur íslensku sem annað tungumál. Hópurinn er með fjölbreyttar þarfir en allt hefur þetta gengið vel í vetur og góð vinátta skapast með börnunum. Þar er hlutverk morgunhringsins mikilvægt, því þá upplifa börnin gegnum möntrusöng og hugleiðslu að tengjast sjálfum sér og þau finna ró og kyrrð sem er öðruvísi en t.d. í hvíldartíma. Þau upplifa væntumþykju og ást. Morgunhringur gefur líka tækifæri til að ræða saman og skiptast á skoðunum, læra hvert af öðru.

Tvö börn fara í 1. bekk grunnskóla í haust, annars vegar Austurbæjarskóla og hins vegar Waldorfskólann Sólstafi. Tvö börn fara í 5 ára bekk í Landakotsskóla en þar munu þau hitta fyrir gamla leikskólafélaga úr Sælukoti þar sem algengt er að börn úr Sælukoti fari í Landakotsskóla. Öll hafa börnin heimsótt verðandi skólann sinn ásamt foreldrum.

.Við höfum farið í ýmsar skemmtilegar og fræðandi vettvangsferðir í vetur. Tvisvar sinnum fóru börnin í Skautahöllina og nutu kennslu einnar mömmunnar í hópnum en hún er skautþjálfari. Húsdýragarðurinn var heimsóttur tvisvar sinnum. Allt nærumhverfi skólans þekkja börnin mjög vel, fjöruna og sjóinn, Vatnsmýrina, bókasafn Norræna hússins, Holtið sem við köllum svo, alla leikvelli í nágrenninu, flugvöllinn og strætóhringinn um Vesturbæinn. Við erum dugleg að fara út og skoða umhverfið.

Við fórum á Elliheimilið Grund fyrir jólin og börnin sungu fyrir heimilisfólkið sem tók hressilega undir. Það var mjög gefandi stund.

Vorferð sem skipulögð er af foreldrafélaginu var farin í húsdýragarðinn í Slakka í ljómandi góðu veðri og var þátttaka barna, foreldra og starfsmanna mjög góð. Við höfum líka fengið góða gesti til okkar ýmist með fræðslu eða upplestur og fengið að fylgjast með hvernig handrit verður að bók. Börnin fengu fræðslu um störf lögreglunnar, því ein mamma í hópnum starfar sem lögreglukona. Ýmsir viðburðir voru í skólanum. Mömmukaffi og pabbakaffi er árlegur viðburður einnig listasýningin þar sem börnin velja sjálf úr listaverkum sínum og setja upp sýningu með aðstoð myndlistarkennara. Þau sjá líka um ýmsan undirbúning eins og að bera veitingar á borð fyrir gestina. Þau eru í aðalhlutverkinu og upplifa að þetta er þeirra listasýning.

Starfsfólk leitast við að koma til móts við ólík áhugamál barnanna og við hlustum á óskir þeirra og uppástungur. Við fórum í fjöruna næsta dag og sækjum heppilega steina til að mála af því ein stúlkan hafði mikla löngun til að útfæra hugmynd sína. Við setjumst hjá einni stúlkunni í útiveru og segjum henni sögur frá okkar æsku því hún elskar að hlusta á sögur og búa þær til sjálf. Á jólaskemmtuninni ákváðu börnin að syngja fyrir gesti sína jólagið: "Í skóginum stóð kofi einn" Þau bjuggu til stóran, glæsilegan kofa úr pappa-umbúðum og skreyttu eftir eigin höfði með aðstoð myndlistarkennara.

Hópurinn hefur verið að rækta litlar paprikuplöntur. Fyrst var fræinu sáð. Börnunum var kennd umhyggja og kærleikur við plönturnar. Í hvert sinn sem þau vökva þær segja þau eitthvað fallegt við þær. Ný Húmanismi kennir ást til alls sköpunarverksins. Börnum veitist mjög auðvelt að tengjast náttúrunni fái þau tækifæri og umhverfi sem hlúir að þessum tilfinningum. Það sem manni þykir vænt um, verndar maður og gætir að.

Ragna

Leiðarljós leikskólans

Baba nam kevalam – Ást er allt í kringum mig. Leikskólinn Sælukot hefur að leiðarljósi að þroska líkamlega, huglæga og andlega hæfileika sérhvers barns.

Markmið okkar, Ný-húmanismi

Að þroska hæfileika sérhvers barns, líkamlega, huglæga og andlega.

Að vekja hjá barninu löngun til að vita meira og löngun til að læra.

Að búa nemendur undir hærri menntastig, jafnt með bóklegri og annarri færni.

Að stuðla að persónulegum þroska á sviðum eins og siðferði, heiðarleika, sjálfstrausti, sjálfsaga og samvinnu.

Að efla líkamlega vellíðan og huglæga færni með jóga og einbeitingartækni, íþróttum og leik.

Að þroska fegurðarskyn barnanna og vitund fyrir menningu í gegnum leiklist, dans, tónlist og aðrar listir.

Að hvetja nemendur til að verða virkir og ábyrgir þátttakendur í samfélaginu.

Að stuðla að vitund um vistfræði í víðasta skilningi þess orðs, þ.e. að gera sér grein fyrir samtengingu allra hluta og hvetja til virðingar og umhyggju fyrir öllum lifandi verum.

Að stuðla að alheimslegu viðhorfi lausu við mismunun á grundvelli trúar, kynþáttar eða kynferðis.

Að viðurkenna mikilvægi kennara og foreldra sem fyrirmyndir.

Innra mat leikskólans

Matsáætlun síðasta árs.

Mánuður	Hvað á að meta	Matsaðferð	Hverjir
September	Morgunhringinn	Umræður og skráning á starfsdegi	Didi og hópstjórar deilda
Október	Fjölmenningu, að lifa í sátt og samlyndi	Umræður og skráning á starfsdegi	Stjórnendur
Nóvember	Siðferðisgildi Jóga	Kennsla og umræður á starfsdegi	Stjórnendur
Janúar	Jógaæfingar og hreyfing	Umræður og skráning á starfsdegi	Jógakennarar
Febrúar	Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi	Kennsla og umræður á starfsdegi	Stjórnendur og hópstjórar
Mars	Máltaka barna og læsi	Umræður og skráning á starfsdegi	Stjórnendur og hópstjórar
Apríl	Myndlist, sköpun, tónlist og leiklist	Símat, umræður um niðurstöður símats. Ferilmöppur	Stjórnendur og listgreinakennarar

Fyrstu skref í átt að innra mat

Haustið 2018 stóðum við í Sælukoti aftur á byrjunarreit í okkar innra mati þar sem samstaða náðist ekki um að taka upp skosku aðferðina "How good is our early learning and childcare". Í kjölfarið var stofnað sjálfsmatssteymi, í því eru Didi, Guðríður og Ragnheiður. Ragnheiður fór á stutt námskeið hjá Reykjavíkurborg um innra mat 4. desember 2018. Byrjað var á að ákveða hvaða þætti skyldi skoða og meta innan okkar skólanámskrár og í aðalnámskrá leikskóla.

Matsáætlun 2018 - 2019

1. Máltaka og læsi
2. Myndlist, sköpun, tónlist og leiklist
3. Mat á námi og velferð barna

Notaðir voru gátlistar og matslistar til að kanna stöðuna í ýmsum þáttum og bæta það sem betur mátti fara. Listarnir voru notaðir sem matsgögn þannig að merkt var við með viðeigandi hætti í því skyni að bæði starfsfólk og börn gætu bætt sína útkomu þar til allir voru ánægðir með sinn árangur. Matlistarnir eru hér sendir sem fylgiskjöl.

Máltaka og læsi:

Tvisvar sinnum á liðnum vetri komu Þóra Sæunn Úlfsdóttir, Ingibjörg Elísabet Jónsdóttir o. fl. frá MML með fræðslu, fyrirlestra og leiðbeiningar um máltöku og læsi í Sælukot. Búnir voru til matslistar fyrir starfsfólk og börn og umbótaáætlun í lokin. Unnið verður að umbótum samkvæmt umbótaáætlun á komandi skólaári.

Myndlist, sköpun, tónlist og leiklist reyndust í góðu lagi á elstu deild og miðdeild, bæði starfsfólk og börn njóta sín í sköpun. Verk barnanna voru ljósmynduð og teikningum safnað saman í ferilmöppur og þær geymdar alla leikskólaveru barnsins. Þetta er upphafið á áframhaldandi vinnu. Ferilmöppur, ljósmyndir og listasýning að vori sýna góðan árangur. Mestu er þó verð ánægja barnanna.

Í verkefninu "Mat á námi og velferð barna" er mikið óunnið og verður því verki haldið áfram á nýju starfsári.

Innra mat **Að meta eigið starf**

Matsáætlun fyrir skólaárið 2019 – 2020. Framkvæmd umbóta nær til skólaársins 2020 – 2021

- 1. Sammannleg gildi og samskipti.**
- 2. Uppeldis-og menntastarf.**
- 3. Mat á námi og velferð barna.**
- 4. Umhverfi barna til náms og leikja úti og inni.**

Sammannleg gildi og samskipti.

Góðvild. Að rækta góðvild er að rækta samkennd. Vinátta, traust og skilningur byggjast á þessari kennd.

Fegurðarskyn opnar okkur dyrnar að þekkingu og skilningi á náttúrulegu samræmi.

Rökhugsun. Efnisleg vísindi byggjast á rökhugsun. Skynsamlegar niðurstöður eru fengnar með beitingu hennar og dómgreindin byggir á henni.

Atorkusemi. Kerfi án hraða eða framvindu er gagnslaust og hraði án kerfis er hættulegur. Framvinda lífsins byggir á atorkusemi sem knýja alla þróun áfram.

Jafnvægi. Líkt og jafnvægi er nauðsynlegt í náttúrunni á milli hinna ýmsu þátta, þá er það ekki síður mikilvægt fyrir huglegt og andlegt svið mannsins.

Gátlisti 1

Erum við að rækta góðvild?

Vekjum við athygli barnanna á fegurð náttúrunnar?

Kennum við börnunum að segja fyrirgefðu?

Tekst okkur að vera víðsýn og horfa fram hjá glappaskotum barnanna?

Reynum við að halda hugarró á hverju sem gengur?

Getum við fórnað okkar hagsmunum fyrir þarfir barnanna?

Reynum við að halda hlýju og glaðlega viðmóti í erli dagsins?

Forðumst við að gagnrýna eða baktala aðra?

Erum við fyrirmyndir að hegðun fyrir börnin?

Skilja börnin textann „Söngur um siðprýði.“?

Gátlisti 2

Eru börnin glöð og hamingjusöm ?

Sýna börnin dýrum og jurtum umhyggju?

Fá börnin tækifæri til að leika frjálst og skapa?

Tjá börnin upplifun sína í myndlist, tónlist, hreyfingu, og leik?

Lítum við á hvert barn sem skapandi einstakling?

Höfum við í huga að það er ferlið en ekki afurðin sem veitir barninu ánægju?

Njótum við lista og sköpunar með börnunum?

Kennum við börnunum að njóta fegurðar?

Sýna börnin hvert öðru umhyggju?

Gefum við börnunum tíma og svigrúm fyrir frjálsan leik?

Ræktum við frjálsan leik barnanna?

Mat á námi og velferð barna

Í aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars:

„Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn.“

Eftir umræður og vangaveltur var ákveðið að beina sjónum að: „Mati á námi, þroska og velferð barna“ í matsáætlun skólaársins 2019 – 2020.

Varla er hægt að skrifa um mat á námi og velferð barna í Sælukoti án þess að skoða fyrst það mennta- og uppeldisstarf sem þar fer fram.

Uppeldis-og menntastarf

Húsnæði leikskólans Sælukots hefur verið stækkað og endurnýjað. Það býður upp á að börnin geta verið í ólíkum viðfangsefnum samtímis og gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum. Rými er fyrir frjálsan leik bæði úti og inni. Í því innra mati sem framundan er verður skoðað hvernig gera má starfið enn betra og ná þeim gæðakröfum sem aðalnámskrá leikskóla setur.

Erum við að vinna samkvæmt okkar skólanámsskrá?

Áhersluþættir í skólanámsskrá leikskólans Sælukots eru:

1. Jóga, hugleiðsla og heimspeki
2. Læsi, mælt mál, tjáning, ritun, list og leikur
3. Fjölmennning, lýðræði, jafnrétti og mannréttindi
4. Umhverfi og sjálfbærni, umhverfisfræðsla og rannsóknir
5. Listir, myndlist, sköpun, tónlist og leiklist
6. Undirstaða í stærðfræði
7. Hreyfing, þjálfun fín- og grófhreyfinga
8. Hreysti, heilsa og hreinlæti
9. Að þroska persónuleikann
10. Frjáls skapandi leikur og hlutverkaleikur
11. Lífsleikni

Í heimi breytinga og óvissu um framtíðina er mikilvægt að vekja hjá börnunum löngun til að læra, forðast fordóma og gefa þeim frið og ró til að læra og hugsa.

Hvernig er áætlað að kenna það sem hér hefur verið nefnt?

1. Gegnum leik, sögur, hugaræfingar og hugsjón.
2. Með fegurð og gleði.
3. Með tónlist, takti, hljómfalli og hreyfingu.
4. Með því að vekja næmni fyrir umhverfi, náttúru og menningu.
5. Með heildrænu námi.
6. Með samþættingu náms og sammannlegra gilda.
7. Með einstaklingsmiðuðu námi.
8. Með samræðum, spurningum og rannsóknum.

Gátlisti 3

Kennum við í gegnum leik og söng?
Lesum við lærdómsríkar sögur?
Glæðum við kennsluna fegurð og gleði?
Notum við tónlist, takt og hreyfingu í kennslu?
Vekjum við næmni fyrir umhverfi, náttúru og menningu?
Kennum við hverju barni eftir þörfum þess?
Notum við samræður í kennslu?
Æfum við börnin líkamlega?
Þjálfum við börnin huglega?
Auðgum við börnin andlega?
Samþættum við nám og innri aga?
Höfum við háleit markmið með kennslunni?

Framkvæmdaráætlun innra mats

1. Gagnaöflun: Við höfum skólanámskrá Sælukots, gátlista Reykjavíkurborgar og okkar matslista úr því sem kennt er í Sælukoti.
2. Vettvangsathuganir. Við fylgjumst með leik barnanna úti og inni. Didi fylgist með öllu starfi í Sælukoti. Allir starfsmenn leggja sig fram og meta eigið starf.
3. Álit og skoðanir foreldra. Við tökum vel á móti ábendingum og óskum foreldra á fundum og þegar foreldrar koma kvölds og morgna.

Sælukot vill stuðla að góðu samstarfi milli heimila barnanna og leikskólans með það að markmiði að tryggja farsælt leikskólastarf, almenna velferð og öryggi barnanna.

Innra matið er gert með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Við vinnum umbótaáætlun út frá þeim athugunum sem gerðar eru, komum okkur saman um hvað á að gera, hver gerir það og hvenær því á að vera lokið. Við fögnum vel unnu starfi þegar umbætur hafa átt sér stað.

Viðfangsefni

Uppeldis-og menntastarf

Stuðst verður við „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs.“

Skipulag náms og námsaðstæður.

Notaður verður gátlisti Reykjavíkurborgar um skipulag húsnæðis og leik og námsefni.

Uppeldi, menntun og starfshættir

Notaðir verða matslistar um uppeldi, menntun og starfshætti í Sælukoti.

Leikur og nám –lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Notaðir verða matslistar og vettvangsathuganir.

Námssvið leikskólans

Metin verða námssvið leikskólans Sælukots þ.e. hugleiðsla, jóga og hugmyndafræði og menntun til sjálfbærni.

Leikskóli án aðgreiningar

Í leikskólalögum og aðalnámskrá segir að virða skuli rétt allra sem á leikskólanum dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu og að leitast eigi við að koma til móts við þarfir allra barna. Sælukot starfar í anda skóla og menntunar án aðgreiningar og hefur sýnt það í verki þar sem stór hluti barna og starfsmanna er af erlendum uppruna og Didi stjórnandi skólans. Viðtöl og vettvangsathugun verða þungamiðjan í matinu.

Mat á námi og velferð barna

Hér er matslisti leikskólans Sælukots um mat á námi, þroska og leik barna sem ætlunin er að nota á komandi skóla ári. Matsgögn frá Menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg verða einnig nýttir.

Framfarir í þroska, leik og námi

Matslisti Sælukots.
Kenna fyrst, prófa svo og merkja við.
Spurningar valdar eftir aldri.

Nafn _____

	Íslenska og samskipti 1	1	2	3	4	5	6
A	Hlustar á sögur.						
B	Notar ný orð í leik úti og inni.						
C	Skoðar myndir, hefur áhuga á leikföngum.						
D	Tjáir sig af áhuga og ánægju.						
E	Fer í hlutverkaleiki.						
F	Talar í heilum setningum.						
G	Segir frá atburðum og tekur þátt í samræðum.						

	Íslenska og samskipti 2	1	2	3	4	5	6
A	Stendur með sjálfum sér og tjáir vilja sinn.						
B	Leitar til starfsmanna þegar eitthvað er að.						
C	Ef barnið reiðist róast það ef talað er blíðlega við það.						
D	Getur sagt frá og útskýrt óánægju sína.						
E	Sækist eftir að fá að spjalla við starfsfólk.						
F	Lærir texta sem eru sungnir.						
G	Segir frá yfir hópinn í morgunhring.						

	List, lita, teikna og mála.	1	2	3	4	5	6
A	Teiknar sól, börn, fólk, hús og himinn.						
B	Hefur gaman af að velja liti þegar verið er að mála og lita.						
C	Notar pensil og hefur ánægju af að mála.						
D	Hefur ímyndunarafl og sýnir frumkvæði.						
E	Vandar sig við að mála og lita.						
F	Þvær hendur að verki loknu.						
G	Þekkir nöfn litanna.						

	Hagnýt færni	1	2	3	4	5	6
A	Litar án þess að fara útfyrir.						
B	Ber lím á blað án þess að fara útfyrir.						
C	Getur klippt með skærum.						
D	Hefur ánægju af að skapa með höndunum.						
E	Getur hnoðað og mótað leir.						
F	Hefur ánægju af að skapa með perlum og kubbum.						
G	Getur púslað og unnið með fingerða hluti.						

	Umhverfisþekking	1	2	3	4	5	6
A	Getur nefnt árstíðirnar.						
B	Þekkir af mynd hvað er sumar og hvað er vetur.						
C	Hefur ánægju af að vera úti í náttúrunni.						
D	Hefur áhuga á plöntum, trjám, steinum og dýrum.						
E	Tínir steina, lyktar af blómum og klifrar upp í tré.						
F	Skoðar bækur um dýr.						
G	Tekur eftir veðri, elskar sól, snjó og stjörnuþjartan himinn.						

	Stærðfræði	1	2	3	4	5	6
A	Getur talið í rétttri röð.						
B	Flokkar hluti eftir lit, stærð og lögun.						
C	Þekkir grunnformin.						
D	Sér hvaða form eru eins.						
E	Þekkir tölustafina.						
F	Getur sett hluti á rétta staði eftir fyrirskipun, uppi, niðri, ofan í, undir.						
G	Getur spilað spil sem henta aldri.						

	Samskipti	1	2	3	4	5	6
A	Virðir reglur (t.d. taka saman, setja á sinn stað.)						
B	Getur verið í hóp og unnið með öðrum.						
C	Á besta vin.						
D	Er kurteis og vingjarnleg/ur og þakkar fyrir sig.						
E	Heilsar og kveður.						
F	Teiknar og segir frá fjölskyldu sinni.						
G	Getur sagt til nafns, (fullt nafn).						

	Tónlist	1	2	3	4	5	6
A	Hefur ánægju af að hlusta á tónlist.						
B	Syngur með í hópsöng.						
C	Lærir lög og texta.						
D	Hefur áhuga á að læra að spila á hljóðfæri.						
E	Fylgir takti og dansar eftir hljómfalli.						
F							
G							

	Hreyfifærni	1	2	3	4	5	6
A	Klifrar upp í rimla.						
B	Gerir auðveldar jógaæfingar.						
C	Stekkur yfir lágar hindranir.						
D	Fer upp og niður stiga.						
E	Hleypur, hoppar, rúllar sér og fer í kollhnís.						
F	Heldur jafnvægi í 1/2 meters hæð.						
G	Tekur þátt í hópæfingum og keppnisleikjum.						

	Leikræn tjáning og brúðuleiksýningar	1	2	3	4	5	6
A	Finnst gaman í búningaleikjunum.						
B	Fer í hlutverkaleiki.						
C	Spinnur upp atburðarás í frjálsum leik.						
D	Leikur sögur og ævintýri með dúkkum og tuskudýrum.						
E	Talar fyrir leikbrúður og túlkar með þeim.						
F	Tekur þátt í frjálsum hópleikjum.						
G	Hefur ánægju af brúðuleiksýningum.						

Ytra mat

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar gerði ytra mat í leikskólanum Sælukoti í september 2016. Vel hefur gengið að framfylgja þeirri umbótaáætlun sem gerð var. Nokkur atriði eru viðvarandi verkefni sem við munum halda áfram að vinna í.

Málþroski, læsisfærni og lesskilningur

Markmið:

- Að börnin eigi kærleiksrík og virk samskipti sín á milli og við fullorðin fólk.
- Að leggja áherslu á leiki og list til að efla alhliða íslensku, leika með hljóðin, búa til takt, nota fingrabrúður og brúðuleikhús.
- Að börnin heyri vandað og fjölbreytt íslenskt mál.
- Að efla íslensku, hljóðkerfisvitund, orðaforða, framburð og tjáningu barnanna.
- Að endurtaka orð og setningar til að auðvelda börnunum málið.
- Að börnin fái að heyra og æfa hljóð og stafi og tengja þá saman þegar þau eru tilbúin.
- Að sýna hvernig á að skrifa stafinn.



Leiðir Sælukots að markmiðunum:

Mælt mál



Börnin þróa mælt mál með því að hlusta á sögur, frásagnir og ævintýri. Með söng og samskiptum við fullorðna, í leikjum og samtölum við önnur börn, vini og þá sem þau umgangast.

Börn sem þurfa örvun til máls fá sérstaka umhyggju og starfsfólk ræðir mikið við þau. Ef grunur leikur á að barn sé með sérstaka örðugleika fáum við foreldra til að vinna með okkur við að koma barninu í greiningu og fá viðhlítandi aðstoð í kjölfarið.

Í morgunhring læra börnin meðal annars að taka þátt í samræðum, segja frá og svara spurningum. Þau búa til sögur, segja frá eigin hugmyndum og reynslu. Þannig leggja þau sitt af mörkum í sögustund og morgunhring. Til að efla sjálfstraust barnanna fá þau að hafa frumkvæði, hefja umræður og tjá sig í samskiptum við kennara og starfsfólk. Börnin þróa færni til að skipuleggja í munnlegum og sjónrænum leikjum, með leikbrúðum, með myndum og í myndunarleikjum. Börnin auka orðaforða sinn

með því að hlusta á sögur, segja sögur, læra vísur, þulur og söngtexta. Í samræðum við fullorðna, samræðum sem hvetur börnin til að tjá sig í orðum og hlusta eftir orðum. Börnin þróa og bæta hæfileikann til að hlusta með að hlusta eftir takti, klappa takt, ríma, í söng og með að læra vísur eða þulur. Þau tengja saman tilfinningar, hreyfingar og takt í látbragðsleik og munnlegri tjáningu.

Ritun

Við æfum hljóðkerfisvitund barnanna í leikjum með hljóðin. Þegar barnið er tilbúið æfum við hljóð og staf, segjum hljóðið og tengjum saman hljóðið og stafinn. Við sýnum hvernig á að skrifa stafinn. Barnið æfir að draga rétt til stafs með því að fara með tveim fingrum eftir sandpappírsstaf. Börnin æfa skrift með hentugum skriffærum svo gripið verði rétt. Börnin æfa að skrifa í rétta átt (lestrarátt) og fylgja línu.

Við æfum börnin í að ná innihaldi þess sem lesið er fyrir þau og öðlast skilning með leikjum, spurningum, myndum og sögum fyrir byrjendur. Börnin spyrja hvernig á að skrifa orðin, við segjum hljóðin og þau skrifa stafina. Þannig búa þau til sínar eigin bækur og virkja sköpunarmátt sinn. Gegnum leikinn öðlast börnin skilning og færni til frekara náms.

Læsisvinna

Börnin hafa aðgang að bókum, textum og bókstöfum sem leikefni. Þau fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, hugmyndir og skoðanir. Við vinnum markvisst að því að auka orðaforða með lestri fyrir börnin daglega og nota Orðaspjallsaðferðina. Notum Lubbi finnur málbein fyrir hljóðkerfisvitundina og söguspil til að efla tjáningu. Auk þess spjöllum við við börnin hvenær sem tækifæri gefst og kennum þeim vísur, þulur, sögur, söng og rím. Ef grunur er um málþroskaröskun fáum við foreldra til að vinna með okkur við að koma börnum í greiningu. Beita þarf snemmtækri íhlutun til að fyrirbyggja erfiðleika í þroska og námi. Við vinnum á markvissan hátt með bernskulæsi í leikskólanum á grunni læsisstefnu leikskóla.



Fyrir 1-2 ára börnin. Tala sem mest við barnið, syngja fyrir það, sýna mynd og segja heiti. Tala um það sem barnið er með í höndunum. Horfa í augu barnsins og tala hlýlega við það. Tala um matinn, heiti og hollustu, þegar verið er að borða. Tala við barnið þegar verið er að skipta á því og klæða það.

Fyrir 2-3 ára börnin.

Nú eykst málþroskinn og orðaforðinn hratt, sé málið fyrir þeim haft.

Orðaforðinn eykst og setningarnar lengjast. Spurningar eins og „hvað er þetta?“ verða algengar.

Börnin hafa ánægju af stuttum sögum, rími, vísum, þulum og söngtextum. Hér gildir að tala skýrt og hægt, tala vandað mál.

Lesi daglega fyrir börnin bækur með stórum myndum og stuttum texta.

Endurtaka það sem barnið segir og útskýra: Barnið segir „vatn“, segja „þú vilt fá meira vatn“.

Leika með hljóðfæri: hristur, trommur, sílófón.

Tala um það sem barnið var að gera t.d. úti.

Nota fingrabrúður og brúðuleikhús.

Fyrir 3-4 ára börnin

Grundvöllur þess að eiga góð samskipti við börn er að hlusta á þau og virða þau. Mörg börn á þessum aldri hafa gaman af að tala og velta fyrir sér tilverunni. Þau spyrja „af hverju“ en meina „hver, hvað og hvar“. Samræður við barnið eru mikilvægar. Notaðu stuttar setningar, spyrja þau spurninga og hlusta.

Leiðrétta eftir á þegar barnið hefur tjáð sig og bæta við nýjum orðum.

Mikilvægt er að gefa barninu tíma til að tjá sig á þessum aldri. Hlusta á barnið án þess að grípa fram í og ræða við barnið. Muna að hvert barn er einstakt og þroskast hvert með sínu móti.

Kenna barninu að klappa orð og nafnið sitt, klappa takt í söng og tónlist.

Hjálpa barninu að ná hugtökum eins og nú, á eftir, og seinna.

Lesi fyrir börnin daglega og útskýra það sem þau ekki skilja.

Kenna litina, grunnformin og að telja með leik og söng. Setja orð um liti, fjölda og form inn í umræðuna. Tveir bílar, rauður og blár. Setja dótið í ferkantaða kassann.

Fyrir 4-5 ára börnin

Á þessum aldri eru börnin farin að tala mikið og skilningur eykst. Þau geta lýst hvað þau eru að gera, þegar 5 ára aldurinn nálgast eru þau farin að spyrja og ræða á markvissan hátt. Setningarnar verða flóknari og oftast er framburður og beyging orðin góð. Gott er að láta börnin segja frá yfir hópinn t.d. sýna hlut og lýsa honum eða lýsa veðrinu. Rím, vísur, þulur, söngtextar og allt sem eykur orðaforðann



er gagnlegt. Lesa fyrir börnin daglega og útskýra orð, orðaspjallsaðferð Tjarnarsels vekur áhuga barnanna á að læra ný orð. Segja börnunum sögur og láta þau búa til sögur, hægt er að stjórna söguþræðinum og hjálpa ef sögumann rekur í vörðurnar með orðasteinum. Æfa hljóðkerfisvitund t.d. með „Hvað er í pöknum?“ að flokka

hluti eftir fyrsta hljóði. Finna hluti sem byrja á ákveðnu hljóði. Para saman hljóð og hlut sem á hljóðið. Leika með grunnformin og teikna þau til undirbúnings fyrir skrift. Nota sandpappírsstafi æfa með vísifingri og löngutöng að draga rétt til stafs. Gera loftskrift, byrja uppi og fara niður. „Búa til stafinn þinn“, lita, mála, leira, skrifa í sand og sauma stafi. Mála með vatni úti, stafi á dökkann vegg. Skrifa ofan í punktalínur stafi, láta börnin skrifa frjálst t.d. nafnið sitt, nöfn þabba, mömmu, systkina og vina. Skrifa orð og tengja við hlut, leggja alltaf áherslu á hljóðin. Leyfa börnunum að skrifa frjálst eftir hljóðum. Hafa í huga að allt þetta er leikur og barnið ræður hvenær það vill vera í þessum leikjum.

Hver er ábyrgur? Stjórnendur og hópstjórar hvers hóps.

Verk-, tækni- og listnám

Verkefni – Myndlist og sköpun, verk og listnám.

Markmið:

Að leggja áherslu á fagurfræðilega reynslu, að njóta tónlistar, myndlistar og annarra listgreina.

Að skapandi starf verði grunnþáttur í námi og þroska barnanna þar sem stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð.

Að vekja sköpunarþrá hjá börnunum.

Að börnin virki sköpunarkraft sinn og vinni með fjölbreyttan efnivið og áhöld.



Að börnin tjái tilfinningar sínar, hugmyndir og upplifun gegnum myndsköpun, tónlist, hreyfingu, tal og frjálsan leik. Að kennararnir gefi börnunum styrkjandi nærveru og athygli um leið og þeir örva börnin til að tjá sig á skapandi hátt. Að börnin upplifi að virðing sé borin fyrir verkum þeirra og að þau virði verk annarra. Að börnin læri að ganga frá eftir leiki og

sköpun.

Leiðir Sælukots að markmiðunum:

Gefa börnunum tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína í myndlist, tónlist, hreyfingu og leikrænni tjáningu.

Láta börnin finna að við berum virðingu fyrir hverju barni sem skapandi einstaklingi og gefum barninu tíma til að skapa.

Gefa börnunum fjölbreyttan efnivið og áhöld til að vinna skapandi verkefni á eigin forsendum.

Muna að það er ferlið en ekki afurðin sem veitir barninu ánægju.

Njóta listar og sköpunar með börnunum, hafa listaverk í sjónhæð barnanna í leikskólanum, kenna börnunum að njóta fegurðar náttúrunnar, fara og skoða söfn.

Kenna elstu börnunum einfalt handverk, sauma, flétta, negla o.fl.

Hlusta á fjölbreytta, lifandi tónlist, syngja og bjóða upp á tónlistarkennslu fyrir öll börn.

Brúðuleiksýningar, leiksýningar, dans og hringdans (kirtan).

Fínhreyfingar eru æfðar í tengslum við listsköpun og verkfærni.



Fínhreyfingar:

Börnin nota skynfærin til að kynna umhverfinu. Þau fá fjölbreytta reynslu og margvísleg viðfangsefni til að læra af. Börnin auka færni sína í að nota áhöld t.d. skriffæri, skæri, og burstu. Við hnoðum og mótum leir og deig til að styrkja vöðva í höndum. Börnin skapa með perlum og smáum kubbum, púsla og vinna með fíngerða hluti til að æfa skynjun og færni fingurgóma. Við æfum

samhæfingu augna og handa með grófum saumaskap.

Börnin læra um jafnvægi með þrívíddarverkefnum, kubbabyggingum og uppstillingum sem þau skapa, þau sjá hvernig þarf að staðsetja hluti svo jafnvægið haldist.

Grófhreyfingar:



Ungabörnin skynja líkama sinn og ná tökum á honum með því að velta sér, hossa sér, detta og rekast á. Við æfum yngstu börnin í að ganga og þau eldri í að stikla á steinum og rekja spor. Við æfum jafnvægið, göngum á línu, göngum eftir planku og förum í skollaleik. Við æfum börnin í að kasta, grípa og sparka. Börnin klifra, hanga á höndum og reyna á líkamann að vild. Börnin læra að leika sér saman í hópleikjum og hópvinnu t.d. í boltaleikjum og vinnu þar sem hjálpast er að. Eltingarleikir úti eru spennandi og reyna á líkamann. Við leikum úti í náttúrunni (upp í holti) þar sem steinar verða fjöll og pollar úthöf. Með skapandi hreyfingum eins og dansi, leiklist, látbragðsleik og að líkja eftir náttúruöflunum æfa börnin líkamann. Við njótum að fara í leiki úti í náttúrunni. Við ræðum um árstíðir, ský, hringrás vatns, höf, fjöll, eldfjöll, jarðskjálfta og þrumuveður.

Í ný-húmanískri menntun er lögð áhersla á fagurfræðilega reynslu, að njóta tónlistar, myndlistar og annarra listgreina. Allir hafa hæfileika til að skapa. Hæfileikinn til að skapa er eins og fræ sem þarf að spíra. Kennarar og starfsfólk í leikskóla eiga að leyfa listamanninum í sér að vaxa og dafna. Þannig verða þeir fyrirmyndir fyrir sköpun og vekja sköpunarþrá hjá börnunum. Góðar fyrirmyndir eru börnunum nauðsynlegar, það er eitt meginhlutverk ný-húmanískra kennara. Í handverki og listum geta kennarar og starfsfólk gefið börnunum styrkjandi nærveru og athygli um leið og þeir örva börnin til að tjá sig á skapandi hátt.

Í Sælukoti hefur á liðnu starfsári verið unnið gott og auðugt mynd- og tónlistarstarf á miðdeild og elstu deild. Því starfi verður haldið áfram og reynt að



auðga það enn frekar.

Á yngstu deild hefur verið lögð áhersla á að gefa börnunum öryggi og koma á venjum. Börnin hafa ekki farið til myndlistar- eða tónlistarkennara, þeir sem eru með börnin daglega sjá einnig um listnámið.

Hver er ábyrgur? Stjórnendur og listgreinakennarar.

Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

Markmið:

Börnin læri lýðræðisleg og sanngjörn samskipti.

Börnin upplifi jafnrétti í leikskólanum.

Börnin fái tækifæri til að bera ábyrgð í samræmi við þroska og getu.

Upplifi að skoðanir þeirra séu virtar.

Börnin fái sterka sjálfsmynd.

Börnin fái að velja sér leikefni og viðfangsefni.

Hverja börnin til að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

Börnin hlusti á sögur þar sem hlutverk kynjanna eru óhefðbundin.

Börnin umgangist fólk af ólíku þjóðerni með mismunandi litarhátt og ólíka siði og venjur.



Fyrir 1-2 ára börnin.

Markmið: Að börnin fái sterka sjálfsmynd og líkamlega getu.

Mikilvægast er að sýna börnum á þessum aldri umhyggju og ást og leyfa

þeim að hreyfa sig óhindrað. Undir tveggja ára aldri geta börn yfirleitt ekki valið að hlýða.

Margt er hægt að gera til að efla sjálfsmynd og líkamlega getu t.d.

Leikir með vatn, sand, verðlaust efni, dótabíla, bolta, tuskudýr og bangsa.

Æfa börnin í að ganga á línu, pússa spegilinn á veggnum, sækja dót í hillu og skila því aftur.

Þurrka upp vatn sem hellist niður, leggja tuskuna í pollinn.

Flokka t.d. þegar verið er að taka dótið saman.

Fletta bók, sýna og útskýra, hrósa þegar vel er gert.

Kenna að þvo sér um hendur og þurrka hvern fingur.

Færa steina milli skála með allri hendinni.

Færa hrísgrjón milli skála með teskeið.

Hella baunum eða vatni milli glasa.

Fyrir 2-3 ára börnin.

Markmið: Að börnin fái sterka sjálfsmynd en verði jafnframt fær um leika sér við önnur börn.

Nýta skal hvert tækifæri til hvatningar, sýna viðfangsefnum barnanna athygli og hrósa frammistöðu þeirra þegar við á.

Á þessum aldri vilja börnin gera sjálf. Oft getur verið vandasamt að vernda og aga barn á þessum aldri en styrkja samtímis sjálfsmynd barnsins. Ást og umhyggja er besta leiðin. Segja þarf barninu hvernig á að gera og láta það vita hvað ekki má. Þegar eitthvað kemur upp á þarf barnið að skilja að það var það sem barnið gerði sem var slæmt en ekki barnið sjálft. Barnið á erfitt með að einbeita sér og hleypur úr einu í annað, vill prófa alla hluti. Leikefnið þarf því að vera fjölbreytilegt og margt í boði. Gott er að viðfangsefnin séu annað hvort þannig að þau leiðrétti sig sjálf (Montessori) eða skapandi með óþrjótandi



möguleika þar sem allt er rétt (Waldorf). Gott er að blanda þessu tvennu saman.

Á þessum aldri er lýðræði sama og að velja, en valið verður að vera innan þess ramma sem leikskólinn setur. Barnið fær að velja sér leikefni úr því sem í boði er hverju sinni. Leikefnið á að hæfa aldri, getu og hæfileikum barnanna en hafa samt breiða möguleika fyrir barnið til að æfa það sem barnið þarf að ná tökum á. Æfa þarf skynjun og fínhyringar. Dæmi: Sjá stærðarmun, byggja turn eða stiga úr misstórum trékubbum, stór –stærri- stærstur. Átta sig á lengdarmun, læra litina og flokka eftir lit, stærð, og lögun. Finna þyngdarmun og skilja að þyngd er ekki sama og stærð. Leika sér með grunnformin og skapa með formun og litum. Æfa grip þumals og vísifingurs. Leika sér með ljós, birtu og litasetningar, skapa og skoða. Æfa snertiskyn, tónheyrn, hlusta í þögn og hugleiða, ást er allt í kringum okkur.

Fyrir 3-4 ára börnin

Að börnin fái sterka sjálfsmynd og að hvert barn fái að njóta sín í hópnum.

Nýta hvert tækifæri til hvatningar, sýna viðfangsefnum barnanna athygli og hrósa frammistöðu þeirra þegar við á. Láta hvert barn njóta sín í hópnum. Nú getur barnið farið að einbeita sér að viðfangsefnum sínum. Börnin gera sér grein fyrir að þau geta valið og vilja fá að velja. Æskilegt er að börnin hafi val um leikefni og hvað þau geri við það svo lengi sem það er þeim ekki hættulegt. Á þessum aldri geta börnin farið að smyrja brauðið sitt sjálf og skammta sér matinn, bjóða hvert öðru og þakka fyrir. Kennarar og leiðbeinendur ættu að vera sér meðvitaðir um að þeir eru fyrirmyndir barnanna. Með eigin framkomu geta þeir haft áhrif og fengið fram hjá börnunum þá hegðun sem þeir telja æskilega. Á þessum aldri ná flest börn því að skilja óskir stjórnandans og hlýða sjálfviljug, þótt þau hafi ekki enn þroskað sjálfsaga.

Fyrir 4-5 ára börnin

Nýta hvert tækifæri til hvatningar og vera dugleg að hrósa verðskuldað.

Að börnin fái að velja sér leikefni og viðfangsefni.

Láta hvert barn njóta sín í hópnum.

Hverja börnin til að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

Börnin fá að taka sjálfstæðar ákvarðanir um leiksvæði.

Börnin finni að stelpur og strákar hafa jafnan aðgang leikefni og fái sömu hvatningu.



Börnin skammta sér sjálf matinn, smyrja brauðið og hella sjálf í glasið sitt.

Börnin eiga að vera þátttakendur í að móta umhverfi sitt í leikskólanum, þar á þeirra rödd að hljóma. Þau eiga rétt á að á þau sé hlustað samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hlutverk kennara og starfsfólks er að skipuleggja umhverfi og uppeldisstarfið. Framkoma starfsfólks mótar viðhorf barnanna og hefur áhrif á hvernig þau bregðast við, því börnin læra það sem fyrir þeim er haft. Barnið er alltaf upptekið af því sem gerist hér og nú. Lýðræðislegur leikskóli á að bjóða upp á tækifæri til samskipta og samvinnu þar sem börnin læra að bera virðingu fyrir hvert öðru, sýna umburðarlynd, öðlast sjálfstraust og geta lifað í sátt og samlyndi við aðra. Í ný-húmanískum skólum er eitt grundvallaratriði að glæða tilfinningu fyrir samkennd, það er gert í morgunhring í Sælukoti. Uppeldi til lýðræðis er byggt á sammannlegum dyggðum og ræktun þeirra. Í Sælukoti er það gert með siðareglum jóga, söng og endurtekningu jákvæðra gilda.

Hver er ábyrgur? Skólastjórar og hópstjórar hvers hóps.

Fjölmennning

Markmið: Að læra að lifa í sátt og samlyndi sem ein heild.

Orðið fjölmennning er samansett af fjölda og menningu eða fjölbreytileg menning. Það felur í sér að vel hafi tekist að blanda saman menningarhópum.

Nú er meira aðkallandi en nokkru sinni fyrr að vel takist að blanda saman menningarhópum.

Höfundur Ný-húmanisma hafnar því að fólk sé dregið í dilka eftir litarhætti, kyni, trúarskoðunum, stöðu og menntun. Að fólk sé skipt í ríka og fátæka, menntaða og ómenntaða. Að fólk sé skipt í hópa eftir skoðunum og trúarbrögðum. Í leikskólanum Sælukoti er allt starfið fjölmenningarstarf. Það á jafnt við um starfsfólk, foreldra og börn. Þar er enginn greinarmunur gerður á uppruna, hvorki þjóðerni, litarhætti, trúarskoðunum eða tungumáli. Með uppbyggjandi samskiptum við börnin þar sem starfsfólk leggur sig fram við að kynnast lífi og aðstæðum hvers barns með það að leiðarljósi að við erum öll ein heild og við elskum hvort annað verður engin aðgreining. Lögð er áhersla á að okkur þykir vænt um hvert einasta barn eins og það er. Haldið verður áfram á þeirri góðu vegferð sem farin hefur verið.

Hver er ábyrgur? Stjórnendur.

Allir sem vinna við skólann eru þátttakendur.

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál

Markmið:

Að börn öðlast sjálfsöryggi í leikskólanum og tilfinningu fyrir því að þau séu velkomin.

Börn í yngsta hóp og miðhóp, hver sem uppruni þeirra er, falla alveg inn í daglegt starf deildanna en öll þurfa þau engu að síður að fá athygli, leikföng og viðfangsefni við hæfi. Hlutverkaleikir eru vinsælir fyrir þennan aldursból. Kennarinn lætur börnin leika orð, upp, niður, stór, lítill o.s.frv. Börnin mála, lita, púsla, kubba og leika sér með fjölbreytilegt leikefni eða í frjálsum leik. Bækur með orði og mynd eru skoðaðar og mikið talað við börnin og orð sett á athafnir. Einnig eru notaðar fingrabrúður og

brúðuleikhús til að æfa málið og auka orðaforða.

Börn 4- 5 ára

Börnin eru látin hjálpast að og vinna saman. Hengd eru upp heimskort og fánar heimalanda barnanna. Púsluspil með heimsálfum og löndum eru vinsæl. Auk þess voru keypt leikföng sem tengdust fjölmenningu og rætt um virðingu, vináttu og samvinnu. Lesið er fyrir börnin daglega og mikið rætt við börnin. Starfsfólk leggur sig fram við að leikur barnanna verði málríkur. Það gera þeir með samræðum við börnin um viðfangsefni barnanna. Samræður sem hvetja börnin til að tjá sig í



orðum og hlusta eftir nýjum orðum. Góður árangur var af starfinu á liðnu skólaári, börnin blómstruðu hver sem uppruni þeirra var.

Sérstaða og áhersla Leikskólans Sælukots

Grunnþáttur í ný-
húmanískri menntun í
Sælukoti er, að þroski

persónuleikans helst í hendur við félagslegan og tilfinningalegan þroska. Þetta endurspeglar lífsstíll og gildi leikskólans. Grundvallar þáttur í daglegu starfi leikskólans Sælukots er að vekja andlega næmni barnanna, æfa jafnvægi hugans og tengjast sínu innsta ljósi. Aðferðir ný-húmanískrar menntunar eru dagleg hugleiðsla, jóga og tónlist. Börnin læra auk þess siðferðileg gildi sem þau æfa í daglegu lífi. Kennarar fylgjast með börnunum í hugleiðslustundum og hjálpa þeim að ná innri ró, djúppöndun og slökun. Börnin þróa hæfileika sinn til að vera í ró og dvelja innra með sér. Þau ná slökun og geta farið inn á við þegar þau eru beðin um. Börnin læra að taka tillit til og sýna öllum lífverum umhyggju. Í ný-húmanískum skólum leggjum við áherslu á að rækta velvild í samskiptum. Börnin þróa umhyggju fyrir öðrum og nota kærleiksríkt orðfæri í samskiptum við leikfélaga. Hafa skal í huga að gefa öðrum svigrúm til tjáningar og athafna á öllum sviðum mannlífsins. Börnin þroska sína næmni samhliða innra jafnvægi og hugarró. Reynt er að veita börnum tækifæri til að upplifa samhljóm gegnum stundir þar sem alger friður og ró ríkir.

Siðferðisgildi Jóga.

Markmið: Að börnin tileinki sér gott siðferði.

Börnin læra ný-húmanísk gildi í gegnum leik, frásagnir, ævintýri og skemmtilegar sögur. Börnin syngja siðareglurnar og læra að fara eftir þeim.

Andlegur þroski eykst með að örva eiginleika eins og samhug, gleði, góðvild, sannsögli, hjálpsemi,



hreinlæti, nægjusemi, fyrirgefningu og að valda engum skaða. Með því að efla ást og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og hafa lotningu og ást á öllu lifandi og lífvana. Mikilvægt er að siðferðisreglur jóga séu kynntar fyrir starfsfólki svo það geti verið góðar fyrirmyndir fyrir börnin. Hægt er að beygja greinar trés á fyrstu vaxtarárum og eins er hægt að kenna og æfa góða siði og andleg gildi á fyrstu skólaárum. Gott siðferði er grundvöllur andlegrar þjálfunar og heilbrigðs samfélags.

Jógaæfingar og hreyfing



Markmið: Að þjálfar og liðka líkamann. Jógaæfingar stuðla að hvíld, spennulosun og ró ef rétt er að staðið. Börnin læra hvernig gera á mismunandi jógaæfingar. Í jógaæfingum hermum við eftir dýrum o.fl. Með jógaæfingum fá börnin aukna næmni fyrir líkama

sínum. Þau samstilla huga og líkama með öndun og jógaæfingum. Börnin fá að heyra sögur, leika sögurnar og búa til jógaðans. Slakandi og jafnvægisfull áhrif jógaæfinga geta aukið námsgetu. Börnin nota öndun til að slaka á og slökunaræfingar sem auka einbeitingu, þannig ná þau tilfinningalegu jafnvægi. Áhrif jógaþellinga og hreyfinga koma fram í tjáningu tilfinninga og líkama. Við látum börnin ekki vera lengi í hverri æfingu og leggjum áherslu á að fyrir börnunum er þetta leikur, því leikurinn er þeirra leið til að læra.

Hreyfing er mikilvæg fyrir börn. Í leikskólanum Sælukoti læra börnin að beita líkama sínum í leikjum úti og inni. Þau upplifa heilbrigði og vellíðan sem eykst jafnt og þétt. Áhersla er lögð á fínhreyfingar þar sem börnin handleika hluti, skapa og búa til eigin hugarsmíð. Þau baka og hjálpa til við dagleg störf. Grófhreyfingar eru æfðar úti í leikjum og leiktækjum. Þar að auki læra börnin dans og jóga. Elstu börnin fá lengri útiveru og meiri áreynslu. Þau læra um mikilvægi þess að hafa heilbrigða sál í hraustum líkama.

Morgunhringurinn.

Markmið: að kenna andlega iðkun, að ást sé allt í kring um okkur, að syngja saman og kenna margvíslegan fróðleik og þau mannlegu gildi sem leikskólinn stendur fyrir.

Í morgunhring eykst tilfinningaþroski barnanna og orðaforði með samræðum, hlutverkaleikjum, brúðuleikhúsi, og myndasýningum sem rætt er um. Í morgunhringnum hugleiða börn og fullorðnir saman. Ef fólk sem stundar hugleiðslu hugleiðir með börnunum skapast fíngert flæði. Börnin læra að fara inn á við, hugleiða og fá tilfinningu fyrir því andlega. Börnin læra að elska sjálfa sig og aðra. Með hugleiðslu byggjum við upp sameiginlega kærleiksríka hjartaorku strax í upphafi skólaveru. Hugleiðslan leiðir börnin inn í sínar innstu tilfinningar, ástin og samkenndin vex.



Þemaverkefni.

Rauði þráðurinn í þemaverkefnunum í Sælukoti er þróun vitundarinnar. Hvernig vitundin þróast frá hinu grófa til hins fíngræða. Verkefni fíkra sig hvert á eftir öðru eftir hringrás sköpunarinnar, sem er kölluð kærleikshringurinn. Stuðst er við kennsluhandbók Didi Ananda Mitru „The Circle of Love“ auk margskonar þjóðlegs fróðleiks.

Þemaverkefni heita: Ég sjálfur. Fjölskyldan mín. Fólkið í kringum mig. Fólk alls staðar að úr heiminum. Kærleikur og Guð. Himingimurinn. Loft. Eldur og stjörnur. Vatn. Steinar, klettur og fjöll. Skriðdýr. Dýr í sjónum. Fuglar og páskaundirbúningur. Húsdýr. Villt dýr. Plöntur, blóm og tré. Skordýr. Umhverfisþemað. Siðareglur jóga.



Hugræn list, vitrænn þroski

Vitsmunirnir þróast samhliða skynjuninni, börnin læra gegnum reynslu, þau eru virk, þreifa á hlutum, skoða, smakka, snerta og hlusta. Á þann hátt fá börn næga æfingu í hlutbundnum leikjum, þau fá hindrunarlaust að æfa öll sín skynfæri. Þau fá að handleika áhöld og efni til að byggja upp verklega færni. Til að styrkja vitrænan þroska og hugræna listsköpun beinum við sjónum að hlutbundinni stærðfræði, landafræði í formi púsluspila og leikja, rýmisfræði með formum og kubbum og þrautum sem örva rökrænar ályktanir. Í leik setja þau sér ögrandi viðfangsefni sem eykur vitsmunaproska þeirra.

Námið er fléttað inn í leiki dagsins og dagsskipulag. Í leikskólanum Sælukoti notum við skapandi leiki, púsluspil, sögur, hreyfingu og tónlist til kennslu. Börnin leika sér með þroskandi leikföng og örva með því huglega getu þar með talið rökhugsun og stærðfræðilegan skilning. Þau flokka hluti eftir stærð, lögun og litum og skerpa minnið með minnisleikjum. Börnin læra að telja, skynja fjölda, þekkja tákni og skrifa tölustafina.

Við könnum lögun hluta, þyngd og stærðfræðilega eiginleika í leik maður á mann og leysum þrautir í sameiningu. Við styrkjum og æfum rökrétta hugsun, bæði munnlega og sjónrænt með að bera saman ályktanir barnanna og réttar niðurstöður. Þannig fá börnin tækifæri til að æfa rökhugsun.

Börnin æfa að bæta við (samlagningu) og að taka af (frádrátt) í lausnaleit og leik. Form og rúmshyggja er æfð hlutbundið á þann hátt læra börnin að þekkja lögun og heiti forma. Þrívíddar kubbabyggingar, uppstillingar og flísalögn eru aðferðirnar. Börnin skoða og leysa ýmsar rúmfræðilegar þrautir með kubbabyggingum. Þau skoða og kanna möguleika á mismunandi gerðum og tengsl milli mismunandi bygginga. Við höfum ánægju af að skoða innihald, taka í sundur og setja saman. Þegar verið er að baka mælum við, vegum og skiptum. Börnin flokka hluti og leikföng, raða, búa til munstur og raða myndum eftir atburðarás. Börnin læra hugtök um rúmmál, tíma og lengd. Þau bera saman, telja og búa til myndir.

Umhverfisvitund

Samhliða því að skoða og njóta náttúrunnar kynnast börnin í Sælukoti hugmyndum um verndun náttúrunnar og sjálfbæra þróun. Vakinn er áhugi barnanna á náttúrunni með því að kynnast og njóta dásæmda hennar. Þau sá og rækta, matbúa síðan og borða uppskeruna. Þau kynnast endurvinnslu. Hlusta á sögur um jörðina, stjörnur og alheiminn. Þau læra um dýr og jurtir. Allt er þetta er fléttað inn í leik, þemaverkefni og tilraunir. Börnin gera tilraunir og skoða niðurstöður



tilraunanna. Börnin kynnast gegnum frásagnir af náttúruöflunum, eldi, vatni, jörð og lofti. Við lesum um alheiminn, reikistjörnur, sólina, mánann og jörðina og sýnum börnunum myndir. Áhugi á jurtum og dýrum er vakinn hjá börnunum. Við kennum börnunum að annast og vökva blóm og jurtir. Í sameiningu reynum við að finna leiðir til að vernda náttúruna. Börnin taka þátt í endurvinnslu og verkefnum er lúta að sjálfbærni. Við venjum börnin á að láta sig varða umgengni um náttúruna t.d. með því að hreinsa upp rusl. Eftirtekt barnanna er vakin á umhverfismálum t.d. með því að forðast einnota vörur, spara pappír, láta ekki loga ljós að ástæðulausu, skrúfa fyrir vatnið og endurnýta.

Leikur og sköpun

Leikskólinn Sælukot er leikmiðaður leikskóli, þar sem réttur barna til að leika sér er virtur og litið svo á að það að leika sér hafi gildi í sjálfu sér. Kennarinn hjálpar barninu að læra með því að lauma inn í frjálsan leik fróðleik án þess að taka stjórnina, hann býr til auðugt umhverfi til að skapa. Skapandi leikur gengur út frá að barnið finni út hlutina á sinn eigin hátt og á sínum eigin forsendum. Litið er á leikskólasterfið frá víðu sjónarhorni. Ekki nægir að þroska vitsmuni barnanna, einnig þarf að vekja sköpun og hugmyndaauðgi. Börnin fást við flókin skapandi verkefni sem krefjast snjallra lausna. Við leggjum áherslu á að þroska fíngerðari lög hugans auk þeirra þátta sem SFS setur á oddinn. Ímyndunaraflið er virkjað og eflt með listsköpun og tónlist. Hugmyndaauðgi með því að segja börnunum sögur og láta börnin búa til sögur úr sínum hugmyndaheimi. Í frjálsum skapandi leik tjá þau sögur og reynslu. Á hverjum degi er sungið með börnunum og lesið fyrir þau. Sýnt hefur verið fram á að börn sem heyra góðar, lærdómsríkar sögur og túlka þær síðan í leik fá aukinn vitsmunaproska, meiri sjálfstjórn og aukna samkennd með öðrum. Í Sælukoti notum við hugleiðslu, sögu- og söngstundir til að efla samkennd og gott andrúmsloft til leiks og sköpunar.

Hugleiðsla er fastur liður í morgunhring. Lengi hefur verið vitað að hugleiðsla: Eykur eftirtekt. Þroskar vitsmuni og minni. Eykur sjálfstjórn. Lægir tilfinningar eins og reiði, þvermóðsku og leiða. Þroskar jákvæðni og félagfærni. Börn sem hugleiða daglega verða vingjarnleg og jákvæð. Ef hópur barna hugleiðir saman reglulega verður vinátta og samhljómur ríkjandi og árekstrum fækkar.

Leiðir að markmiðum Ný- húmanisma

Leiðir að markmiðum Ný-húmanisma eru leiðir sjálfbærni. Frá sjónarmiði Ný-húmanisma jafngildir sjálfbærni framþróun mannkynsins á grundvelli andlegra gilda, sem gefa mannlegri tilveru á öllum sviðum hennar dýpri merkingu: á sviði tilfinninga, siðferðis, vitsmuna og líkama.

Efnisleg sjálfbærni (Physical sustainability).

Vistfræði - að leggja áherslu á samtengingu og tengsl - PROUT-hagfræði. Áhersla á samvinnu og réttlæti - Jóga ástundun. Samræmdar líkamlegar æfingar til að styðja og styrkja líkamann.

Mataræði. Neysla fæðu úr jurtaríkinu er nauðsynleg, umhverfislega, efnahagslega og frá sjónarhóli jóga.

Líf-sálfræði (Bio-psychology), hjálpar okkur að skilja samspil líkama, hugar og sálar í menntaferlinu.

Hugsýn þessa er: *Athafnir mínar hafa áhrif á jörðina og líkama minn, láta mig stíga létt til jarðar og virða fegurðina sem er tilveran sjálf.*



Vitsmunaleg sjálfbærni (intellectual sustainability)



Eins og ég hugsa, þannig verð ég... Hugmyndafræði og skynsemi þurfa að stýrast af góðvild og vera fagurfræðilega aðlaðandi, undirstrika manngæsku og hvetja til þátttöku í lífinu.

Andleg skynsemi dýpkar mannlega vitsmuni með hugleiðslu.

Andleg skynsemi gerir dulmög्न og hið æðra í tilverunni að merkingarbæru, vitrænu rannsóknarefni.

Hugsýn þessa er: *Hvernig ég kenni hefur beina þýðingu fyrir framtíðina. Lát kennslu mína vera gædda þeirri ást og fegurð sem er tilveran sjálf.*

Siðferðileg sjálfbærni (ethical sustainability).

Tengsl eru frumorsök góðvildar í verki. Siðferðileg sjálfbærni er vitsmunalega sjálfbær skynsemi í framkvæmd.

Siðferðileg sjálfbærni byggir upp heilbrigð félagsleg tengsl. Góðvild sprettur af jákvæðum tengslum okkar við heiminn.

Vitsmuni verður að nota í þágu velferðar heildarinnar en ekki í persónulegu hagnaðarskyni, þetta tvennt er þó vel samræmanlegt.

Vegna tengsla minna við alheiminn ber ég ábyrgð á athöfnum mínum.

Hugsýn þessa er: *Ég kenni í anda tengsla minna við lífið og tek fagnandi þeim skyldum sem það leggur mér á herðar.*

Tilfinningaleg sjálfbærni (Emotional Sustainability)

Innblástur og von eru sótt í skapandi og jákvæðar athafnir.



Athöfn í þágu lífs verður um leið félagslega virk athöfn og hefur í för með sér samskipti, samstarf og samvinnu.

Tilfinningalega sjálfbær námsmenning þarf að taka tengsl og tilgangsmiðaða þátttöku í námi fram yfir einstrengingslega árangursmiðaða kennsluhætti.

Þegar til lengri tíma er litið, þá eru tækifæri barnanna okkar í lífinu í beinu samhengi við tilfinningalega sjálfbærni.

Hugsýn þessa er: *Ég kenni af hjarta, og þannig tek ég af gleði þátt í að byggja manneskjur upp af tilfinningalegum styrk og þroska.*

Andleg sjálfbærni. (Spiritual Sustainability)

Andleg sjálfbærni gefur öllum mannlegum athöfnum merkingu og tilgang.

Andleg sjálfbærni veitir tilfinningalegan styrk í lífsbaráttu einstaklinga og samfélags. Sá styrkur er sóttur í þær ráðgátur tilverunnar og þann djúpa skilning á samhengi alls sem mönnum hlotnast við hugleiðslu.

Djúpur skilningur á andlegum veruleika vaknar hjá samvista manneskju sem stundar andlegt lífverni. Þennan skilning má vekja á barnsaldri með einmitt nærveru andlegs persónuleika.



þeim sem njóta leiðsagnar og

Hugsýn þessa er: *Andlegt líf mitt og kenndi eru eitt og hið sama, með þjónustu minni við mannkyn tjái ég af gleði þátttöku mína í lífinu.*

Húsnæði

Leikskólinn Sælukot var opnaður árið 1985 á núverandi stað. Húsnæði skólans hefur verið stækkað og

endurnýjað svo elsti hlutinn er óþekktanlegur og að hluta til eins og nýr. Árið 2016 var glæsileg nýbygging tekin í notkun. Það er stór salur á efri hæð og rúmgóðar stofur á neðri hæð auk ganga og rúmgóðra



snyrtinga og skiptirýma við hverja stofu. Nýbyggingin er ekki fullnýtt ennþá. Starfsmannaaðstaða er góð, allir starfsmenn hafa skápa til eigin afnota og rúmgóð fatahengi. Tölvur, prentari og ljósritunarvél eru aðgengileg fyrir starfsfólk í undirbúningstímum. Stefnan er að koma á jóga, slökunar og hugleiðsluáðstöðu fyrir starfsfólk. Allar deildir nýta salinn. Elsta deild og miðdeild nýta listaverið og tónlistarherbergið til skiptis. Með því móti er hægt að skipta börnunum niður í minni hópa til að skapa ró og næði. Það hefur einnig í för með sér að hvert barn myndar nánari tengsl við sinn hópstjóra.

Lóð leikskólans er vel búin leiktækjum. Á leiksvæðinu eru grasi grónir hólar, hellulögð stétt, sandkassi og afgirtur matjurtagarður. Sælukot hefur fengið vilyrði frá Reykjavíkurborg fyrir afnot á svæði upp í svokallað holt fyrir eldri börnin. Girða þarf upp í holtið meðfram Þorragötunni og búa til hlið milli lóðanna. Þá myndast náttúrulegt leiksvæði sem gefur mikla möguleika til skapandi leikja.

Sérfræðipjónusta



Leikskólinn Sælukot hefur aðgang að „Sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, leikskóladeild“. Sérþarfir geta verið vegna málþroska, fötlunar, þroska- og hegðunarvanda, tilfinningalegra frávik auk sérstakra aðstæðna barna. Þjónustan miðast við að gera börnum unnt að njóta sín í hópi annarra barna á eigin forsendum og styrkja þau á sem fjölbreyttastan hátt og koma til móts við þarfir barna. Ef leikskólinn getur ekki leyst úr þeim frávikum sem upp koma varðandi börnin þá fer í gang ferli þar sem viðkomandi barni er vísað áfram til viðkomandi sérfræðings. Send er inn beiðni með undirskrift foreldra og leikskólastjóra. Á liðnu leikskólaári var send inn beiðni fyrir eitt barn.

Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að halda góðum tengslum við foreldra. Við höfum dagleg samskipti þegar komið er með börnin og þau sótt. Upplýsingar um það helsta hjá hverju barni eru skráðar daglega á töflur við inngang deildanna. Á föstudögum sendum við myndir og fréttir heim til foreldra í tölvupósti. Í foreldrahandbók er að finna hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra. Á heimasíðu skólans eru einnig aðgengilegar upplýsingar.

Foreldraviðtöl eru í febrúar. Þá eru foreldrar fræddir um stöðu, líðan og framfarir barnsins í leikskólanum og gagnkvæmt við fáum að vita um afrek barnsins heima fyrir.

Foreldrar hafa undanfarin ár unnið ómetanlegt starf fyrir skólann. Sú hefð hefur verið í Sælukoti allt frá byrjun að foreldrar leggja fram sjálfböðavinnu á hverju vori. Haldið er „vinnupartý“ annað hvort eina helgi eða tvo laugardaga. Mikið og gott starf er unnið, góður matur borðaður og síðast en ekki síst er það samveran sem skapar góð tengsl milli skóla og heimilis. Við erum mjög þakklát fyrir þann hlýhug og stuðning sem foreldrar hafa sýnt með þessari óeigingjörnu vinnu.

Ekki má gleyma mömmu og pabbakaffi og afa og ömmukaffi sem haldið er á hverju ári.

Til þess að skapa betri tengsl og gefa foreldrum vettvang til að koma sínum málum á framfæri og hafa tækifæri til þess að segja sitt álit á þeim áætlunum sem leikskólinn setur fram þá starfar bæði foreldrafélag og foreldraráð við leikskólann.

Foreldraráð

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla, skal skipað foreldraráð í öllum leikskólum og í því skulu sitja að lágmarki 3 foreldrar. Þar segir að kosning skuli fara fram í september ár hvert, til eins árs í senn.

Foreldraráðið setur sér starfsreglur og leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.

Í Sælukoti er kosið í ráðið á almennum foreldrafundi í september hvert ár. Fundir eru haldnir eftir því sem þörf krefur. Fundargerð liggur fyrir eftir fundi. Foreldraráð er skipað foreldrum og hefur það hlutverk að gefa umsagnir til leikskólans og fræðsluviðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir og fylgjast með framkvæmd þeirra. Einnig hefur foreldraráðið umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Foreldrafélag

Í Sælukoti er árlegur foreldrafundur að hausti fyrir alla foreldra þar er mæting yfirleitt mjög góð.

Fundir eru 3-4 sinnum yfir árið í foreldrafélaginu, fundargerðir eru skráðar. Foreldrafélag Sælukots samanstendur af öllum foreldrum barna í Sælukoti. Foreldrar bjóða sig oftast fram til ábyrgðar í félaginu. Foreldrafélagið stendur fyrir jólaballi, sveitaferð og sumarhátíð í júní. Yfirleitt eru þessir viðburðir vel sóttir þar sem foreldrar og börn njóta samverunnar í leikskólanum.

Sælukot er sjálfstætt starfandi leikskóli með áherslu á Ný-húmaníska menntastefnu. Foreldrar velja Sælukot fyrir börn sín vegna stefnu skólans og hugmyndafræði. Spurningalistar sem lagðir hafa verið fyrir foreldra og ummæli foreldra sýna að foreldrar eru yfirleitt ánægðir með skólann og telja að barni þeirra líði vel í Sælukoti. Foreldrar finna að þeir eru velkomnir og að reynt er að koma til móts við óskir þeirra þótt ekki takist það alltaf.

Áætlunin fyrir næsta skólaár er að feta sig nær markmiðum aðalnámskrá leikskóla og markmiðum ný-húmanískrar menntunar í foreldrasamstarfi og umhyggju fyrir börnunum.

Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning) eru haldin í maí, stjórnendur ræða við þá starfsmenn sem verða starfandi á næsta leikskólaári. Umræðuefni eru eftirfarandi:

Hvernig vinnum við best eftir Ný-húmanisma í Sælukoti?

Hvernig gengur þér að leysa starfið, allt sem þarf að gera?

Hvað hefur þú áhuga á að gera næsta skólaár, t.d. á hvaða deild?

Hvað getur hjálpað þér í starfinu?
Þarftu aðstoð við eitthvað sérstakt?
Viltu fara á námskeið, læra hvað?
Hvað getum við gert betur og hvernig?
Hvernig getum við bætt skipulagið?
Færð þú að sýna hvað í þér býr í starfinu?
Getum við látið okkur líða betur í vinnunni?
Hvað hvetur þig áfram í starfinu?
Í hverju ertu bestur/best, hvað er erfiðast?
Hverju viltu bæta við?

Símenntun

1. Áhersla er lögð á kennslu fyrir starfsfólk í hugmyndafræði skólans í Ný-húmanisma. Á starfsárinu 2019– 2020 verður einnig lögð áhersla á að læra um innra mat og öryggi barna og vellíðan. Allur fróðleikur og námskeið um uppeldis-og menntastarf og um mat á námi og velferð barna frá Reykjavíkurborg er vel þegin.

Samstarf leik- og grunnskóla

Börnin sem útskrifast úr Sælukoti þetta árið eru

Tvö börn fara í 1. bekk grunnskóla í haust, annars vegar Austurbæjarskóla og hins vegar Waldorfskólann Sólstafi. Tvö börn fara í 5 ára bekk í Landakotsskóla en þar munu þau hitta fyrir gamla leikskólafélaga úr Sælukoti þar sem algengt er að börn úr Sælukoti fari í Landakotsskóla. Öll hafa börnin heimsótt verðandi skólann sinn ásamt foreldrum.

Skipulagsdagar: Reynt er að hafa starfsdaga í Sælukoti á sama tíma og starfsdagar starfsfólks og frídagar nemenda í grunnskólum. Sjá leikskóladagatal.

Fylgiskjöl:

Leikskóladagatal – er í viðhengi

Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um skólanámskrá og liðið skólaár.

Foreldraráð gerir engar athugasemdir við starfsáætlun 2019 - 2020. Við teljum textan nokkuð góðan og myndskreytingu til þýði.

Starfið á Sælukoti gekk sinn vanagang á skólaárinu með sínum föstu dagskrárliðum. Reglulega er brugðið út af vananum og haldnir búningadagar, dótadagar, náttfatadagar o.fl. sem vekur lukku hjá börnunum. Það er gaman að fylgjast með börnunum dafna og sjá þau syngja lög og gera jóga heima sem þau læra á Sælukoti.

Berglind Rósa

Ég sem einn af þeim sem áttu sæti í foreldraráði hef verið beðinn um að skrifa stuttan texta um hvernig árið var.

Ég get sagt með fullri einlægni að árið gekk mjög vel. Árið byrjaði á því að foreldrar barnanna á leikskólanum sátu fund með leikskólastjóranum sem fór yfir starf skólans í heild og einnig hvernig deildar fyrir sig. Leikskólastjórinn fór yfir hvað væri gert á Sælukoti, hugmyndiafræðinga og fleira sem viðkemur skólanum. Jóga, vegan og ný-húmanisma. Að endingu var kosið í nefndir.

Ég var einn af þeim sem var kosinn í foreldraráð. Í kjölfarið hélt leikskólastjórinn fund með foreldraráðinu. Fyrir fundinn var ráðinu gert skylt að lesa vel yfir námskrá, foreldrahandbók, leikskóladagatal og starfsáætlun. Leitað var eftir athugasemdum ráðsins og fleira. Ráðið fór yfir framangreint og starfið í skólanum. Fundurinn var góður og tók leikskólastjórinn vel í allt sem ráðið hafði fram að færa. Fundurinn var fræðandi.

Starfsárið gekk mjög vel. Að minni bestu vitund. Allir sameiginlegir viðburðir gengu mjög vel. Sælukot er lítill skóli og eru flestir foreldrar vel inni því starfi sem fer fram í skólanum. Aðgengi að leikskólastjóra er meira en í stærri skólum. Auðvelt er að koma með athugasemdir og fá vitneskju um starfið í skólanum.

Baldur Sigmundsson

Skólaárið 2018-2019 gekk heilt yfir mjög vel.

Það er einstaklega ánægjulegt að sjá hvað börnin eru fljót að tileinka sér ýmsar þær athafnir sem Sælukot leggur áherslu á, eins og t.d. jóga, hugleiðslu og kærleika.

Foreldraráð gerir engar athugasemdir við fyrirbyggjandi starfsáætlun leikskólans 2019-2020 en ákveðið var að gera eina smávægilega breytingu við einn atburð á skóladagatalinu. Breytingin var sú að í stað þess að tala um pabba/afa kaffi að kalla þann viðburð karla kaffi og þá mega börnin bjóða einhverjum nánum í það kaffi, ákvörðun þessi var tekin í ljósi þess að ekki eiga öll börnin föður sem þau eru í sambandi við.

Starfsáætlun Sælukots er fjölbreytt og með ýmsar þarfar áherslur hvort sem þær snúa að þroska, námi, sköpun eða mannréttindum.

Þemaverkefni eru sérstaklega spennandi fyrir litla fólkið okkar eins og t.d. náttúran og hin ýmsu dýr.

Það er auk þess skemmtilegt hvernig námi er fléttað inn í leik og listsköpun.

Foreldrafélagið sá um að halda stórskemmtilegt jólaball með tilheyrandi fjöri, dansi, söng og jólasveini.

Það er ánægjulegt að sjá fjölmeninguna sem er á Sælukoti bæði hjá börnum og starfsfólki enda er hún lykilli í að þróa samkennd, virðingu og skilning.

Sælukot leggur einnig áherslu á umhverfisvitund barnanna og stuðlar að aukinni sjálfbærni sem er mikilvægur lærdómur sem börnin taka með sér út í lífið.

Sveitaferð sem skipulögð var að foreldrafélaginu var afar vel heppnuð þetta árið og var byrjað á því að planta trjám rétt fyrir utan borgarmörkin og að því loknu var haldið í Slakka þar sem börnin skemmtu sér vel við að skoða dýrin og leika sér.

Iðunn Guðjónsdóttir

